

# Skýrsla af 106. þingi Alþjóðavinnuáráðs ( ILO )

Genf 5.6 – 16.6 2017

## Sendinefndin

Frá velferðarráðuneytinu: Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri, Karl Pétur Jónsson, aðstoðarmaður ráðherra, og Gylfi Kristinsson ráðgjafi. Frá utanríkisráðuneytinu: Högni S. Kristjánsson, sendiherra Íslands gagnvart Alþjóðastofnunum í Genf, Nína Björg Jónsdóttir sendifulltrúi og Edda Björk Ragnarsdóttir sendiráðsritari. Fulltrúi íslensks launafólks var Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ og varamaður hans var Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS. Hún sat jafnframt Genfarskólann ásamt Svanhildi Steinarsdóttur frá BSRB.

## Megin málefni

1. Grundvallarreglur og réttindi við vinnu.
2. Vinnuskilyrði farandlaunafólks (almenn umræða).
3. Endurskoðun tilmæla nr. 71 frá árinu 1944, umskipti frá stríði til friðar (seinni umræða).
4. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktanna.

### 1. Grundvallarreglur og réttindi við vinnu.

Alþjóðavinnuáráðsþingið fjallar reglulega um framkvæmd yfirlýsingarinnar frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Þingnefndin sem fjallaði um málið afgreiddi niðurstöður þar sem tekið er á öllum fjórum helstu þáttum yfirlýsingarinnar sem eru: Félagafrelsi, rétturinn til samningsgerðar um kaup og kjör, afnám mismununar í atvinnulífinu, aðgerðir gegn barnavinnu og nauðungarvinnu. Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd. Niðurstöður hennar voru ásættanlegar að mestu og staðfestu túlkun og framkvæmd ILO í þessu efni en kallar jafnframt á auknar aðgerðir bæði ILO og aðildarríkjanna. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

### 2. Vinnuskilyrði farandlaunafólks (almenn umræða)

Mikil og aukin hreyfing launafólks á milli landa í atvinnuleit var rót þessarar umræðu. Þingnefndin setti fram tillögu í 10 liðum um aðgerðir sem Alþjóðavinnuáráðsnefndin, í samstarfi við aðildarríkin og samtök sem láta sig þessi mál varða, getur gripið til í því skyni að auka öryggi fólks sem flyst á milli landa í atvinnuskyni. Fullgilding tveggja samþykktanna um farandlaunafólk er meðal þess sem nefnt er auk framkvæmdar á tilmælum stofnunarinnar frá árinu 2016 um sanngjarna ráðningarskilmála. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

### 3. Nefnd um endurskoðun tilmæla um umskipti frá stríði til friðar.

Á þinginu fór fram önnur og síðari umræða um endurskoðun tilmæla nr. 71 frá árinu 1944, um umskipti frá stríði til friðar. Norðurlöndin voru í aðalhlutverki í nefndinni. Formaður hennar var kjörin Lena Hasle frá norska utanríkisráðuneytinu. Hún þurfti að takast á við mörg vandamál sem komu upp í nefndinni enda ágreiningur mikill um nokkur tiltekin atriði. Nefna má vernd sem veita á flóttamönnum og innflytjendum. Lenu tókst með lagni að brúa bilið á milli þessara þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu og leiða nefndarstarfið farsællega til lykta. Niðurstaðan er fyrsta alþjóðlega gerðin þar sem mælt er með aðgerðum í atvinnulífinu til að koma í veg fyrir og takast á við afleiðingar stríðsátaka og annarra hörmunga á efnahagslífi og samfélagið, einkum þeirra sem standa höllum fæti, með sérstakri áherslu á þríliða samráð. Fulltrúar Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem tóku þátt í nefndarstarfinu, fögnuð mjög

hinum endurskoðuðu tilmælum. Fram kom að þeir telja þau mikilvægt tæki í starfi stofnunarinnar. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

#### **4. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar.**

Nefndarstarfið hófst með almennum umræðum skýrslu um aðgerðir til að auka öryggi og hollustu á vinnustöðum. Í skýrslunni var m.a. fjallað um samþykkt nr. 187 um það efni. Í samræmi við verklagsreglur höfðu fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks sett saman skrá yfir 24 alvarleg brot aðildarríkja á samþykktunum. Fimm af þessum málum voru sérstaklega alvarleg. Þau voru: Malasía vegna brota á samþykkt nr. 19, um jafnan rétt innlands og erlends launafólks til slysabóta, Pólland vegna samþykktar nr. 29, um afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu, Úkraína vegna samþykktar nr. 81 og 129, um vinnuvernd, El Salvador vegna samþykktar nr. 144, um þríliða samráð, Ekvador vegna samþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Nefna má til viðbótar Kasakstan einnig vegna samþykktar nr. 87. Líbía vegna samþykktar nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd. Góður samstarfsandi var í nefndinni þetta árið. Samstaða tókst um niðurstöður í öllum málum sem nefndin tók til umfjöllunar. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

#### **Fundur vegna umræðu um staðfestingu ILO 187**

Íslenska ILO-nefndin hefur fjallað um fullgildingu samþykktar ILO 187 um vinnuvernd. Haldinn var sérstakur fundur með sérfræðingum alþjóðavinnuumálastofunnar um nokkur atriði samþykktarinnar Íslands en SA hefur haldið því stöðugt fram að tæknilegar hindranir séu fyrir staðfestingu hennar og að við staðfestingu aukist skyldur Íslands frá því sem nú er. Fram kom á fundinum, að ekki væru gerðar meiri kröfur en gerðar væru í samþykkt ILO nr. 155 sem Ísland hefur þegar staðfest. Mat ILO væri að Ísland uppfyllti skilyrði þeirrar samþykktar og myndu því uppfylla skilyrði ILO 187 án sérstakra breytinga. Fram kom að ef séð væri fyrir þeirri þjónustu, þ.m.t. ráðgjafarþjónustu sem samþykktin mælti fyrir um þó af öðrum stofnunum væri en VER, þá væri það fullnægjandi. Jafnframt kom fram núverandi listun atvinnusjúkdóma m.a. með vísan til lista ESB. Loks var bent á að Alþjóðsamtök atvinnurekenda legðu mikla áherslu á að ILO 187 yrði staðfest og vísuðu í því efni til skýrslu CAS frá 15.6 2017.

#### **Kosning GB (stjórnarnefndar) fyrir kjörtímabilið 2017–2020**

Jens Erik Ohrt frá LO-Danmark sem kjörinn var í GB 2014 var boðinn fram að nýju af hálfu norrænu hreyfingarinnar og náði kjöri. Samkvæmt skiptireglu Norðurlandanna mun ASÍ taka við að LO-Danmark á þinginu 2020. Með kosningunni lauk kjörtímabili fulltrúa ríkisstjórnar Noregs sem hefur talað máli Norðurlandanna í nefndinni og við tók fulltrúi ríkisstjórnar Finnlands. [Niðurstöður kosninga.](#)

#### **Genfarskólinn**

Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og er núverandi skólastjóri hans Peter Waldorff frá LO-Danmark. Genfarskólinn, er skóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar. Íslensku þátttakendurnir þau Drífa Snædal og Margrét Steinarsdóttir tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir á meðan á þinginu stóð. Nánari upplýsingar um Genfarskólann er hægt að finna á meðfylgjandi slóð: [Genfarskólinn](#)

## **Mat o.fl.**

Þau átök sem undanfarin ár hafa verið í nefnd um framkvæmd samþykktu (CAS) virðast hafa minnkað. Undanfarin ár hefur farið mikil vinna í endurskipulagningu á eftirliti ILO og mun þeirri vinnu ljúka á árinu 2018. Engin stefnubreyting verður hins vegar hvað varðar þau grundvallarréttindi sem fylgt er eftir þ.m.t. hvað varðar verkfallsréttinn. Átök um hann halda hins vegar áfram á vettvangi félagafrelsis nefndarinnar (CFA) en vonir standa til þess að meiri friður geti skapast um störf hennar. Í ljósi þess að atvinnurekendur hafa ítrekað gert áhlaup á verkfallsréttinn og eftirlitskerfi ILO, allt frá hruni Berlínarmúrsins verður að telja líklegt að fremur sé um að ræða hlé á átökum en varanlegan frið. Þó nefnd um grundvallarreglur og réttindi við vinnu hafi lokið störfum með ásættanlegri niðurstöðu þá voru störf nefndarinnar erfið og átök mikil. Það er mat mitt að orsakir þessa andófs atvinnurekenda sé fyrst og fremst að rekja til þess að þeir kjósa að draga úr áhrifum ILO og grundvallarréttindum launafólks í alþjóðavæddum heimi, réttindi sem þeir telja að hindri frjáls viðskipti og standi í vegi fyrir framförum og þróun. Í þessari baráttu standa þeir einir en njóta stuðnings þeirra ríkja sem síðuð samfélög vilja hvað síst bera sig saman við.

*Ágúst 2017*

*Magnús M. Norðdahl*